

Mál nr. 198/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggðs (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 15. júlí 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 26. júní 2021 með þeim hætti að hann var að vinna við flatkökuskurðarvél og fingur hans klemmdist þegar hann var að hreinsa deig í vélinni á meðan hún var í gangi. Í gögnum málsins liggja fyrir myndir af vélinni og virkni hennar.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem X hafi ekki gætt þess að fyllst öryggis væri gætt á vinnustað X og fyrirtækið hafi ekki farið eftir fyrirmælum laga nr. 46/1980 þar um eða fyrirmælum í reglugerð um notkun tækja. Í bæði lögum og reglugerðinni sé kveðið á um að X eigi að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna sem og að þeir fái skýrar og réttar leiðbeiningar um notkun tækja, eins og þeirrar vélar sem M slasaðist við. M heldur því fram að þær leiðbeiningar sem hann fékk hafi falist í því að hann ætti að hreinsa hveiti og deig upp úr vélinni á meðan hún var í gangi og þess vegna hafi hann slasast. Einnig telur M að X hafi vanrækt að tilkynna slys M til Vinnueftirlitsins, sbr. skyldu í 79. gr. laga nr. 46/1980 og þannig verði X að bera hallann af sönnunarskortum um tildrög slyssins og leggja verði frásögn M til grundvallar um þau.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M hafi fengið skýrar leiðbeiningar frá X um hvernig hann ætti að vinna við flatkökuskurðarvélina. Þær leiðbeiningar hafi verið skýrar og hafi M unnið veið vélina í um 4-6 vikur áður en slysið varð og þar af fyrstu vikuna með vanan samstarfsmann sér við hlið. M hafi auk þess unnið hjá X í um átta mánuði við önnur störf þegar hann slasaðist. V vísar til ferla X um að stöðva skuli umrædda vél ef þörf krefur og ekki skuli setja hendur í pressu vélarinnar á meðan hún sé í gangi. Einnig vísar V til þess að M hefði ekki getað dulist sú slyshætta sem stafaði af því að setja hendur í vélina á meðan hún var í gangi og vísar til myndbandsupptöku af virkni vélarinnar því til stuðnings.

Álit.

Í fyrsta lagi verður að líta svo á að miðað við gögn málsins verði ekki annað séð en að atvik þau sem leiddu til slyss M séu ljós, þ.e. að fingur hans hafi klemmst í flatkökuskurðarvél. Ekki verður séð að ágreiningur sé um málsatvik hvað það varðar að vélin hafi verið vanbúin og verður frekari rannsókn af hálfu Vinnueftirlitsins ekki talin hafa getað upplýst um sérstök atvik umfram það sem liggur fyrir af hálfu M annars vegar og X hins vegar. Ætluð vanræksla tilkynningarskyldu hefur skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 hefur því ekki áhrif á mat á atvikum sem leiddu til slyss M.

Ágreiningur í málinu er hins vegar um efni þeirra leiðbeininga sem M á að hafa fengið áður en hann hóf störf til þessa tilteknu vél um 4-6 vikum áður en hann slasaðist. Af gögnum málsins, sérstaklega þeim gögnum sem lúta að virkni umræddrar vélar, verður ekki lagt til grundvallar, án frekari sönnunargagna, að sannað sé að M hafi fengið leiðbeiningar um að fara með hendur í vélina til að hreinsa hana þegar hún var í gangi. Augljós slyshætta er af slíku og verður X ekki talinn bera skaðabótaábyrgð á þeirri háttsemi M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir